

## MATARHLÉ

Matgæðingur þessa tölublaðs er Sesselja Sigurðardóttir, leikskólafulltrúi á skóladeild, og hún skorar á Helen Ármannsdóttur, aðstoðarleikskólastjóra á Pálmholti, að taka við keflinu og birta uppskrift í næstu Króniku.



## LERKISVEPPASÚPA

### Hráefni: Aðferð:

Lerkisveppir,  
smá olía,  
salt og pipar,  
vatn,  
nautakjöts-  
og kjúklingakraftur,  
rjómi,  
og koníak.

Lerkisveppina mína tóni ég helst svo smáa, að ég þurfi bara að skera þá í fjóra hluta. Þannig finnst mér þeir fallegastir í súpuna. Ég hálfþurrka þá í ofni við ca. 50 gráðu hita og frysti þá síðan í litlum skömmtum. Þegar svo kemur að súpugerð set ég smá olíu í pott og mýki upp frosna sveppina, salta þá og pipra. Bæti svo vatni og krafti í pottinn og læt suðuna koma upp. Ég nota helst bæði nautakjöts- og kjúklingakraft. Loks bæti ég svo rjóma og koníaki út í súpuna og hita að suðu. Magn af hvoru fer að sjálf-sögðu eftir smekkt súpugerðarmannsins.

## BRAUÐBOLLUR MEÐ SVEPPUM

### Hráefni: Aðferð:

100 gr. olía eða smjörliki,  
3 dl. sveppasúpa – vatn og  
bollasúpa.  
500 gr. hveiti,  
1 pakki þurrger.  
Smátt saxaðir, þurrkaðir  
lerkisveppir.

Hitið olíuna og vökvann. Hraerið þurrger saman við hveitið og hnoðið saman við vökvann og sveppina. Látið hefast í 30 mín og bakið bollur við 200° í ca 10 – 12 mín.

Verði ykkur að góðu!

## GOTT AÐ VITA

**Margar nýjungar á starfsmannavef Akureyrarbæjar**  
<http://sulur.akureyri.is>

Starfsmannavefur Akureyrarbæjar er gagnvirkur vefur þar sem starfsfólk getur m.a. nálgast launaseðlana sína, stöðu orlofs, upplýsingar um veikindadaga og fjarveru vegna veikinda barna.

Á vefnum er hægt með einu handtaki að afþakka heimsenda launaseðla:

Með því að haka við **Launaseðlar eingöngu** í **heimabanka** afþakkar þú heimsenda launaseðla.

Launaseðlar eingöngu í heimabanka (rafrenir launaseðlar)

Nýlega bættist við sá möguleiki að skoða á vefnum reikninga sem gefnir eru út af Akureyrarbæ á viðkomandi starfsmann s.s. leikskólægjöld og fasteignægjöld.

Starfsfólk bæjarins er eindregið hvatt til að kynna sér starfsmannavefinn. Sækja þarf um lykilorð á slóðina <http://sulur.akureyri.is> sem síðan er sent í heimabanka viðkomandi starfsmanns.

Hafi starfsmaður ekki aðgang að heimabanka getur viðkomandi nálgast lykilorðið hjá Starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar.

Fyrirspurnum um aðgang að starfsmannavefnum svarar Kristjana Kristjánsdóttir, verkefnastjóri, með tölvupósti á [kristjana@akureyri.is](mailto:kristjana@akureyri.is) og í síma 460-1075.



Ráðhúsið á Akureyri var lýst upp í bleikum lit í október til að minna á árveksnisátak um brjóstakrabbamein.



www.akureyri.is  
ÖLL LIFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir,  
Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is)

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

# Innanbæjar KRÓNÍKA

6. tbl. 3. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR Nóvember 2008



## VIÐ ERUM STERKARI SAMAN

Kæra samstarfsfólk,

Íslenskt Þjóðfélag gengur nú í gegnum miklar þrengingar. Þegar þannig árar er mikilvægt að við stöndum öll saman, sýnum samhug og skilning, og eflum hvert annað til góðra verka.

Bæjarstjórn Akureyrar gerir allt sem í hennar valdi stendur til að tryggja hag bæjarbúa við þessar aðstæður, treysta grunngerð samfélagsins og sjá til þess að við komumst í gegnum þá erfiðleika sem að stöðja.

Við höfum kallað saman fulltrúa ýmissa hópa sem saman mynda öryggisnet til að stuðla að vellíðan íbúa, samkennd þeirra og samábyrgð. Þessi hópur er kallaður Almannaheillanefnd og hefur meðal annars sett á laggimar sérstaka heimasíðu þar sem er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar, hollt lesefni og fleira sem kann að nýtast þeim sem eru í vanda staddir. Slóðin á þessa heimasíðu er [www.akureyri.is/radgjafartorg](http://www.akureyri.is/radgjafartorg) og hvet ég ykkur til að kynna ykkur efni hennar.

Umfram allt skulum við muna að styðja vel við bakið hvert á öðru og horfa bjartsýn fram á veginn. Höfum líka hugföst orð Einars Benediktssonar að „eitt brot getur dimmu í dagsljós breytt“.

Sigrún Björk Jakobsdóttir,  
bæjarstjóri

## GAMLA MYNDIN



**Kannast einhver við þetta hús og veit einhver hvar það stóð? Spurning þessa tölublaðs er sem sagt: Hvað hét þetta hús og hvar stóð það?**

Í verðlaun fyrir rétt svar er geisladiskurinn Íslandsminni sem hefur að geyma lög Atla Heimis Sveinssonar við ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Sendið svör sem fyrst á [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is), merkt „Myndagetraum Innanbæjarkrónikunnar“.

Í síðasta tölublaði var spurt um lítið hús í fjalllendi og turninn ofan á því. Nafn Ástu Sigurðardóttur, þjónustufulltrúa á búsetudeild, var dregið úr innsendum réttum svörum og hlýtur hún 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar að launum. Húsið var reist fyrir skíðafólk í Strýtu í Hlíðarfjalli en turninn á því var upphaflega á söluturni sem stóð fyrst á Ráðhústorgi og síðar á horni Hamarstígs og Munkaþverárstrætis.



## MOLAR



Áfram Akureyri!

### Og þá var kátt í Höllinni!

Nýja parketgólfið sem lagt hefur verið á gólf Íþróttahallarinnar vekur almenna ánægju þeirra sem iðka þar íþróttir. Gólfið fjaðrar vel og fer vel með fólk sem leggur sig allt fram í keppni eða leik. Á meðfylgjandi myndum eru leikmenn Akureyrarliðsins í handbolta að fagna frábærum áhorfendum og góðum úrslitum í mikilvægum leik.



### Ný og betri dagþjónusta í Hlíð

Nú á haustmánuðum flutti dagþjónustan í Hlíð í nýtt og fallett húsnæði. Dagþjónustan er fyrir eldri borgara sem búa úti í bæ en vilja njóta samveru við aðra því eins og alþjóð veit þá er maður manns gaman. Um þessar mundir nýta um 40 einstaklingar dagþjónustuna en markmiðið með henni er að gera öldruðum kleift að búa sem lengst heima.

## HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Harpa Garðarsdóttir er einn af öflugum liðsmönnum heimaþjónustu Akureyrarbæjar en hjá heimaþjónustunni starfar fólk við almenna aðstoð við þá sem geta að litlu eða engu leyti annast heimilisstörfin heima hjá sér. Harpa situr fyrir svörum að þessu sinni og sýnir á sér hina hliðina.

**Hvað ertu að gera í vinnunni?** Ég er í fjölbreyttu og krefjandi starfi sem felst í að aðstoða einstaklinga inni á heimilum þeirra vegna skertrar getu við ýmsar athafnir daglegs lífs sem og að veita þeim félagslega aðstoð.

**Hvaðan ertu?** Skeggjastöðum á Fljótsdalshéraði.

**Fjölskylduhagir?** Góðir, ég er móðir þriggja dætra á aldrinum 14-25 ára og á eitt barnabarn.

**Af hverju býrðu á Akureyri?** Ég kom hingað fyrst til að fara í skóla 1977 og hef búið hér síðan að undanskildum 7 árum í Reykjavík.

**Hvaða bók lastu síðast og var hún góð?** Óreiða á striga eftir Kristínu Maríu Baldursdóttur og hún var mjög góð.

**Uppáhaldstónlist?** Allt milli himins og jarðar en Bryan Adams klikkar aldrei.

**Uppáhaldsmatur?** Það er hægt að gera góðan mat úr öllu góðu íslensku hráefni.

**Hver eru helstu áhugamál þín?** Útivist og að vera með skemmtilegu fólki.

**Hvað er eftirsóknarverðast í fari annarra?** Jákvæðni og hómor.

**Er Guð til?** Já.

**Hvert yrði þitt fyrsta verk ef þú værir einráð á Akureyri?** Að sjá til þess að öllum börnum undir 18 ára aldri gæfist kostur á að stunda íþróttir gjaldfrjálst.

